

VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA 2017



LANDSPÍTALI

UMHYGGJA FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMPRÓUN

Efnisyfirlit

| | | | |
|--|----|---|----|
| Ávarp..... | 4 | Gigtarlæknisfræði..... | 29 |
| Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2017 | 5 | Hjartalæknisfræði..... | 30 |
| Ferðastyrkir | 5 | Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði..... | 32 |
| Heiðursverðlaun Ásu Wright..... | 5 | Innkirtlalæknisfræði..... | 32 |
| Framgangur í starfi við HÍ á árinu 2017 | 5 | Lungnalæknisfræði..... | 33 |
| Klínísk nafnbót við HÍ á árinu 2017 | 5 | Meltingarlæknisfræði..... | 34 |
| Heiðursvísindamaður ársins | 6 | Nýrnalæknisfræði..... | 35 |
| Ungur vísindamaður ársins..... | 6 | Smitsjúkdómalæknisfræði..... | 36 |
| Verðlaunasjóður í læknisfræði og skyldum greinum... 9 | | Meinafræði..... | 36 |
| Heilbrigðisvísindabókasafnið og vísindadeildin flutt... 9 | | Myndgreining..... | 37 |
| Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna ... 7 | | Ónæmisfræði..... | 37 |
| Vísindaráð Landspítala..... | 7 | Skurðlæknisfræði..... | 39 |
| Flutningar..... | 7 | Háls-, nef- og eyrnaskurðlæknisfræði..... | 39 |
| Úthlutun vorstyrkja Vísindasjóðs 2017 | 8 | Heila- og taugaskurðlæknisfræði..... | 39 |
| Nýjar rannsóknir á Landspítala árið 2017 | 16 | Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði..... | 40 |
| Leyfi siðanefndar heilbrigðisrannsókna til nýrra rannsókna á Landspítala árið 2017 | 16 | Skurðlæknisfræði brjóstá, innkirtla og meltingarfæra..... | 40 |
| Samþykkt erindi siðanefndar stjórnsýslurannsókna Landspítala | 17 | Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði..... | 41 |
| Leyfi Vísindasiðanefndar til nýrra rannsókna á Landspítala árið 2017 | 17 | Sýklafræði..... | 42 |
| Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2017 | 20 | Veirufræði..... | 43 |
| Augnlæknisfræði..... | 20 | Taugasjúkdómafræði..... | 43 |
| Barnalæknisfræði..... | 20 | Öldrunarlæknisfræði..... | 43 |
| Bráðalæknisfræði..... | 22 | Blóðbankinn..... | 45 |
| Bæklunarskurðlæknisfræði..... | 23 | Eðlisfræðingar..... | 46 |
| Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkraþjálfun..... | 23 | Félagráðgjöf..... | 46 |
| Læknisfræðileg endurhæfing..... | 23 | Geislafræðingar..... | 46 |
| Sjúkraþjálfun..... | 23 | Iðjuþjálfun..... | 46 |
| Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar..... | 24 | Lyfjafræði..... | 46 |
| Geðsjúkdómafræði..... | 25 | Náttúrufræðingar..... | 47 |
| Almenn geðlæknisfræði..... | 25 | Næringarfræði..... | 49 |
| Sálarfræði..... | 25 | Sálgæsla presta og djákna..... | 50 |
| Krabbameinslæknisfræði..... | 27 | Skrifstofa framkvæmdastjóra fjármálasviðs..... | 50 |
| Lífefna- og sameindalíffræði..... | 27 | Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga..... | 50 |
| Lyflæknisfræði..... | 28 | Talmeinafræðingar..... | 51 |
| Blóðlæknisfræði..... | 28 | Verkfræðingar..... | 51 |
| | | Barnahjúkrun..... | 52 |
| | | Bráðahjúkrun..... | 52 |
| | | Endurhæfingarhjúkrun..... | 53 |
| | | Fjölskylduhjúkrun..... | 53 |
| | | Geðhjúkrun..... | 53 |
| | | Hjúkrun aðgerðasjúklinga..... | 54 |
| | | Hjúkrun langveikra fullorðinna..... | 54 |
| | | Hjúkrunarstjórnun..... | 55 |
| | | Krabbameinshjúkrun..... | 55 |
| | | Kynheilbrigði..... | 56 |
| | | Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun..... | 56 |
| | | Upplýsingatækni í hjúkrun..... | 56 |
| | | Öldrunarhjúkrun..... | 56 |
| | | Ljósmeðurfræði..... | 56 |

Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2017 í starfrófsröð eftir fræðigreinum og sviðum

| | | | |
|--|----|--|----|
| Almenn geðlæknisfræði | 25 | Læknisfræðileg endurhæfing | 23 |
| Augnlæknisfræði | 20 | Lífefna- og sameindalíffræði | 27 |
| Bæklunarskurðlæknisfræði | 23 | Ljós móðurfræði | 56 |
| Barnahjúkrun | 52 | Lungnalæknisfræði | 33 |
| Barnalæknisfræði | 20 | Lyfjafræði | 46 |
| Blóðbankinn | 45 | Lyflæknisfræði | 28 |
| Blóðlæknisfræði | 28 | Meinafræði | 36 |
| Bráðahjúkrun | 52 | Meltingarlæknisfræði | 34 |
| Bráðalæknisfræði | 22 | Myndgreining | 37 |
| Eðlisfræðingar | 46 | Næringarfræði | 49 |
| Endurhæfingarhjúkrun | 53 | Náttúrufræðingar | 47 |
| Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkraþjálfun | 23 | Nýrnalæknisfræði | 35 |
| Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar | 24 | Öldrunarhjúkrun | 56 |
| Félagsráðgjöf | 46 | Öldrunarlæknisfræði | 43 |
| Fjölskylduhjúkrun | 53 | Ónæmisfræði | 37 |
| Geðhjúkrun | 53 | Sálarfræði | 25 |
| Geðsjúkdómafræði | 25 | Sálgæsla presta og djákna | 50 |
| Geislafræðingar | 46 | Sjúkraþjálfun | 23 |
| Gigtarlæknisfræði | 29 | Skrifstofa framkvæmdastjóra fjármálasviðs | 50 |
| Háls- nef- og eyrnaskurðlæknisfræði | 39 | Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga | 50 |
| Heila- og taugaskurðlæknisfræði | 39 | Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun | 56 |
| Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði | 40 | Skurðlæknisfræði | 39 |
| Hjartalæknisfræði | 30 | Skurðlæknisfræði brjósta, innkirtla og meltingarfæra | 40 |
| Hjúkrun aðgerðasjúklinga | 54 | Smitsjúkdómalæknisfræði | 36 |
| Hjúkrun langveikra fullorðinna | 54 | Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði | 41 |
| Hjúkrunarstjórnun | 55 | Sýklafræði | 42 |
| Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði | 32 | Talmeinafræðingar | 51 |
| Iðjuþjálfun | 46 | Taugasjúkdómafræði | 43 |
| Innkirtlalæknisfræði | 32 | Upplýsingatekni í hjúkrun | 56 |
| Krabbameinshjúkrun | 55 | Veirufræði | 43 |
| Krabbameinslæknisfræði | 27 | Verkfræðingar | 51 |
| Kynheilbrigði | 56 | | |



Magnús Gottfredsson,
yfirlæknir vísindadeildar
Landspítala og prófessor við
læknadeild Háskóla Íslands.





Vísindarannsóknir, framtíðarsýn og fjármögnun

Á þessu ári hefur nýleg vikmynd um Winston Churchill notið mikilla vinsælda, en hann átti eins og kunnugt er litríkan og merkan feril bæði sem stjórnmálamaður og rithöfundur. Eftir hann liggja margar góðar tilvitnanir, t.d. ein sem er eitthvað á þá leið að þeir sem aldrei skipti um skoðun komi aldrei neinum breytingum til leiðar. Í kjarna vísindalegrar aðferðafræði felst viljinn til að skapa nýja þekkingu, endurskoða þá gömlu út frá sjónarhóli gagnrýnnar hugsunar og stuðla þannig að breytingum á umhverfi okkar. Vísindaleg aðferðafræði er því ekki lokaður kassi sem opna má við hátiðleg tækifæri, heldur þarf fagfólk í krefjandi og síbreytilegum heimi að vera reiðubúið til að beita henni hvort sem það stundar vísindarannsóknir eður ei. Þannig þarf gagnrýnin hugsun að vera samofin okkar daglega starfi, enda eru spurningar sem vakna við rúmstokk hins sjúka oft upphafið að merkingu vísindarannsóknnum. Ein forsenda er hæft starfsfólk, sem Landspítali býr vissulega að en auk þess tími, aðstaða og fjármagn. Um árabíl hefur Landspítalinn glímt við margvísleg krefjandi verkefni, m.a. þau sem lúta að naumri mönnum og takmörkuðum fjárveitingum. Ljóst má vera að við slíkar aðstæður er svigrúm til vísindarannsóknna takmarkað og með því skapast hættu á ákveðinni stöðnun. Nýlega var birt skýrsla á vegum Nordforsk, sem er stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, sem sýnir að dregið hafi verulega úr gæðum þess vísindastarfs sem unnið er hér þegar notaðir eru viðurkenndir hlutlægir mælikvarðar. Um síðustu aldamót var staða hans hins vegar sterk í alþjóðlegum samanburði. Þetta minnir okkur á að óbreytt ástand jafngildir afturför, sérstaklega þegar um er að ræða jafnbreytilegt umhverfi og heilbrigðisþjónusta er. Fyrir liggur að það fjármagn sem varið er til málaflökksins er of lágt og hvorki í samræmi við samþykktu stefnu vísindaráðs spítalans né Vísinda- og tækniráðs sem starfar á vegum stjórnvalda sjálfrá. Miklar vonir eru bundnar við að bætt verði úr þessu með nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar enda virðist loks vera komið að því að hefjast handa

við nýbyggingar spítalans. Byggingar eru mikilvægar en ekki má gleymast að kjarni starfseminnar er fólgin í fagfólkinu sjálfu. Spítalinn er eitt stærsta þekkingarfyrirtæki landsins og líta má á það sem soun þegar frumkvæði, þekking og áhugi er ekki nýttur sem skyldi vegna viðvarandi tímapressu og mannekle.

Undafarin 5 ár hafa erlendir styrkir sem starfsmenn afla dregist saman jafnt og þétt eins og sjá má á mynd 1. Rauðu súlurnar sýna þá erlendu styrki sem lagðir hafa verið inn til umsjónar á spítalanum. Nokkur aukning var í íslenskum styrkjum á árinu 2016, en á síðasta ári dróst upphæðin saman að nýju (bláar súlur). Ánægjulegt er að í ár hafa framlög til vísindasjóðs hins vegar hækkað frá fyrra ári (appelsínugular súlur) og jafnframt hefur bæst við myndarlegt framlag frá Minningargjafasjóði Landspítala Íslands sem vert er að þakka sérstaklega. Mynd 2 sýnir fjölda meistara- og doktorsnema sem tengjast spítalanum í námi sínu á beinan eða óbeinan hátt. Mikilvægt er að skapa nenum góða aðstöðu til að sinna þjálfun sinni sem best hér enda eru þeir framtíðarstarfskraftar okkar. Helsta afurð vísindarannsóknna er ný þekking, sem oftast er miðlað á opinberum vettvangi í formi fræðigreinar í ritrýndu fræðitímariti. Fjöldi birtra greina er því oft notaður sem mælikvarði á rannsóknvirkni, en hefur ýmsar augljósar takmarkanir, m.a. þegar um fjölhöfundagreinar er að ræða, þar sem framlag getur verið afar mismunandi. Samkvæmt framtali starfsmanna sjálfrá hér á Landspítala hefur fjöldi birtra greina frá þeim staðið í stað frá fyrra ári – örtilit fjölgun átti sér stað á greinum er birtust í erlendum tímaritum, en samsvarandi fækkun átti sér stað á birtingum innanlands, mynd 3. Þegar gögnin eru borin saman við leitarniðurstöður í Scopus gagnagrunninum, sem eru þær upplýsingar sem blasa við þeim ytri aðilum sem vilja skoða umfang vísindarannsóknna hér kemur hins vegar í ljós að erlendum birtingum hefur fækkað lítillega. Þetta vekur spurningar um hvort höfundar gleymi of oft að merkja spítalanum þær greinar sem vera ber. Sérstök ástæða er til að hvetja alla sem sinna vísindastörfum að birta niðurstöður á opnum vettvangi og merkja greinar spítalanum, hafi tími eða aðstaða hér verið nýtt við vísindavinnuna. Vísbindingu um rannsóknvirkni má einnig fá með því að skoða fjölda umsókna um leyfi, en yfirlit um helstu leyfisveitingar er að finna á mynd 4. Eftir fækkun á umsóknum til Vísindasiðanefndar á árinu 2016 virðist fræðasamfélagið vera að taka við sér og umsóknum fjölgaði á síðasta ári (rauðar súlur). Verkefnum sem hlutu leyfi síðanefndar heilbrigðisrannsóknna, þ.e. verkefni sem eru alfarið unnin innan spítalans, fækkaði hins vegar lítillega á árinu (appelsínugular súlur).

Í samantekt virðist staða Landspítala sem vísindastofnunar hafa veikt í alþjóðlegum samanburði undanfarnin ár og kemur sennilega engum á óvart. Starfsfólk hér er öflugt og áhugasamt og sýnir mikinn vilja til að sinna kennslu og rannsóknnum. Vonandi verður gert sérstakt átak í að fylgja eftir markmiðum um sérstaka fjármögnun vísindastarfs og hvarar skapaðir til að sinna þessu langtíma verkefni sem best. Þannig getum við snúið vörn í sókn, sjúklingum til heilla.





Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2017

Á Vísindum á vordögum þann 4. maí 2017 úthlutaði Vísindasjóður Landspítala 68 milljónum króna til 76 verkefna.



Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir ásamt styrkþegum.



Ingileif Jónsdóttir ásamt Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.

Ferðastyrkir í fyrsta skipti

Velferðarráðuneytið og vísindaráð Landspítala veittu árið 2017 í fyrsta skipti ferðastyrki í þeim tilgangi að hvetja unga vísindamenn til að sækja erlendar ráðstefnur og kynna niðurstöður vísindaverkefna sinna. Styrkina fengu doktorsnemarnir Bergþóra Baldursdóttir sjúkraljálfi og Þórarinn Árni Bjarnason læknir.

Bergþóra Baldursdóttir er sérfræðingur í öldrunarsjúkraþjálfun við byltu- og beinverndarmóttöku og göngudeild sjúkraljálfnar á Landakoti. Bergþóra hefur helgað öldruðum starfsferil sinn, nám og rannsóknir með megináherslu á mat, meðferð og ráðgjöf vegna óstöðugleika og byltna. Hún hefur þróað, ásamt dr. Ellu Kolbrúnu Kristinsdóttur, sértæka skynþjálfun frá grunni og forþróað á öldrunarlæknigadeild Landspítala Landakoti.

Þórarinn Árni Bjarnason útskrifaðist úr læknadeild Háskóla Íslands og vann síðan á lyflæknasviði Landspítala samfara því að stunda doktorsnám. Doktorsverkefni hans nefnist Greining trúfnar á sykkrefnaskiptum hjá sjúklingum með brátt kransæðaheilkenni og áhrif þess á alvarleika og þróun æðakölkunarsjúkdóms. Þórarinn er nú í sérnámi í University of Iowa í Bandaríkjunum.

Hlaut heiðursverðlaun Ásu Wright

Ingileif Jónsdóttir hlaut heiðursverðlaun Vísindasjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright árið 2017 sem eru veitt íslenskum vísindamanni fyrir framúrskarandi árangur á sínu sérsviði í vísindum eða fræðum. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin 28. desember við athöfn í Þjóðminjasafninu. Ingileif er prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands, deildarstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu og starfar á ónæmisfræðideild Landspítala. Hún hefur meðal annars stýrt bóluvefnarannsóknnum við ónæmisfræðideildina frá árinu 1997.

Framgangur í starfi við Háskóla Íslands á árinu 2017

Helga Bragadóttir - í starf prófessors við HÍ

Ólafur E. Sigurjónsson - í starf prófessors við HR

Páll Helgi Möller - í starf prófessors við HÍ

Sigríður Gunnarsdóttir - í starf prófessors við HÍ

Starfsmenn sem hlutu klíniska nafnbót við Háskóla Íslands á árinu 2017

Aðalgeir Arason náttúrufræðingur, klínískur dósent, læknadeild

Anna Margrét Halldórsdóttir transfusion medicine, klínískur dósent, læknadeild

Anna Ólafía Sigurðardóttir, sérfræðingur í barnahjúkrun, klínískur dósent, hjúkrunardeild

Gerður Gröndal, sérfræðingur í lyf- og gigtarlækningum, klínískur prófessor, læknadeild

Guðlaug Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í geðlækningum, klínískur lektor við læknadeild

Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum og innkirtla- & efnaskiptasjúkdómum, klínískur prófessor við læknadeild

Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur í frumulíffræðideild, klínískur prófessor við læknadeild

Jónas G. Halldórsson, sérfræðingur í taugasálfræði, klínískur dósent við læknadeild

Kristín Huld Haraldsdóttir, sérfræðingur í skurðlækningum, klínískur lektor við læknadeild

Kristján Steinsson, sérfræðingur í gigtisjúkdómum, klínískur prófessor við læknadeild

Lára Borg Ásmundsdóttir, sérfræðingur í svæfingahjúkrun, klínískur lektor við hjúkrunarfræðideild

Magnús Blöndahl Sighvatsson sálfræðingur, klínískur lektor við sálfræðideild

María Soffía Gottfreðsdóttir, sérfræðingur í augnlækningum og augnskurðlækningum, klínískur lektor við læknadeild

Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, líffræðingur í blóðbankanum, klínískur prófessor við læknadeild

Ólafur Kjartansson, sérfræðingur í myndgreiningu, klínískur prófessor við læknadeild

Stefanía P. Bjarnarson, sérfræðingur á ónæmisfræðideild, klínískur dósent við læknadeild

Þórunn Kristín Guðmundsdóttir lyfjfræðingur, klínískur lektor við lyfjfræðideild



Björn Rúnar Lúðvíksson.

Heiðursvísindamaður Landspítala 2017

Björn Rúnar Lúðvíksson var útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala 2017 á Vísindum á vordögum 4. maí. Hann er yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor í ónæmisfræði.

Björn Rúnar lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskólanum í Garðabæ 1981 og læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989. Eftir að hafa unnið sem kandidat og aðstoðarlæknir fór hann í sérfræðinám í almennum lyflækningum við University of Wisconsin í Madison

í Bandaríkjunum 1991, þaðan í framhaldsnám í klínískri ónæmisfræði við National Institute of Allergy, Immunology and Infectious diseases, National Institutes of Health, Bethesda, Maryland í Bandaríkjunum frá 1993 til 1996. Hann lauk bandaríska sérfræðiprófinu í almennum lyflækningum 1994 og í klínískri ónæmisfræði 1997. Eftir að sernámi lauk starfaði hann sem sérfræðilæknir og vísindamaður á NIAID, NIH frá 1996 til 1999. Hann varði doktorsritgerð sína „The Regulatory Function of IL-2 and IL-12 in Autoimmunity and Thymocyte Development“ við læknadeild Háskóla Íslands 1999. Björn Rúnar kom til Íslands síðar það ár og hóf störf sem sérfræðilæknir á ónæmisfræðideild og dósent í ónæmisfræði við Háskóla Íslands. Hann var skipaður yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítala og prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands 2007.

Megináherslur Björns Rúnars: Í fyrsta lagi tilurð og afleiðingar meðfæddra ónæmisgalla, sérstaklega IgA skorts og galla í Lektín ferlum komplementkerfisins. Í öðru lagi stjórnun bólgusvars sjálfónæmissjúkdóma, sérstaklega í tengslum við ósértækt ónæmissvar. Auk þess hefur Björn Rúnar unnið að þróun stoðtækja (í gegnum öpp og veflausnir) til að styðja við og auðvelda greiningu, eftirlit og meðferð gigtar- og ónæmissjúkdóma. Þær rannsóknir hafa lagt grunn að einkaleyfum tengdum lyfja-meðferð sjálfónæmissjúkdóma og notkun ofangreindra veflausna. Einnig hafa þær lagt grunn að sprotafyrirtækjum í Bandaríkjunum og á Íslandi. Björn Rúnar er einn af aðalstofnendum sprotafyrirtækisins eXpeda ehf. sem er starfandi hérlendis.

Björn Rúnar hefur verið virkur í ritun fræðslu-, kennslu- og vísindagreina og leiðbeint fjölda lækna-, líffræði-, lífeindafræði-, hjúkrunarfræði- og líftölvunarfræðinema í rannsóknarnámi.

Ungur vísindamaður ársins 2017

Berglind Hálfðánsdóttir (f. 1973) var valin ungur vísindamaður Landspítala 2017 á Vísindum á vordögum 4. maí. Hún lauk BSc-gráðu í hjúkrun frá Háskóla Íslands árið 2004, Cand.Obst-gráðu í ljósmóðurfræði árið 2007 og MSc-gráðu í ljósmóðurfræði frá sama skóla árið 2011.

Berglind varði doktorsritgerð sína í ljósmóðurfræði við HÍ árið 2016: Fyrirfram ákveðnar heimafæðingar á Íslandi - forsendur, útkoma og áhrifaþættir (e. Planned home births in Iceland: Premise, outcome and influential factors). Markmið doktorsrannsóknarinnar var að skoða sjálfræði kvenna um val á fæðingarstað, bera saman útkomu fyrirfram ákveðinna heimafæðinga og sjúkrahúsæðinga á Íslandi og meta áhrif frábendinga og viðhorfa kvenna á útkomu fæðinga. Helstu niðurstöður voru að tíðni hriðaörvunar með lyfjum, mænurótardeyfingar og blæðingar eftir fæðingu ≥ 500 ml var marktækt lægri í fyrirfram ákveðnum heimafæðingum en sjúkrahúsæðingum, áhrif frábendinga voru marktækt neikvæðari í fyrirfram ákveðnum heimafæðingum en í sjúkrahúsæðingum og að viðhorf kvenna til fæðinga og inngripa hafði áhrif á sambandið milli viðhorfa þeirra til heimafæðinga og útkomu fæðinganna.



Berglind Hálfðánsdóttir, ungur vísindamaður Landspítala 2017.

Berglind Hálfðánsdóttir sinnir ljósmóðurstörfum, verkefnavinnu og rannsóknarvinnu á fæðingarvakt Landspítala og er lektor í ljósmóðurfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Fimm milljóna króna vísindaverðlaun

Verðlaunasjóður í læknisfræði og skyldum greinum veitti Unni Önnu Valdimarsdóttur 5 milljóna króna verðlaun sem afhent voru á Vísindum á vordögum 4. maí 2017. Verðlaunasjóðinn stofnuðu árið 1986 Árni Kristinsson og Þórður Harðarson, fyrrverandi yfirlæknar við Landspítala og núverandi heiðursprófessorar við Háskóla Íslands. Verðlaun sjóðsins eru að jafnaði veitt annað hvert ár í tengslum við uppskeruhátið vísindastarfs á Landspítala.

Unnur Anna lauk BA prófi í sálfræði við Háskóla Íslands 1996 og doktorsprófi í klínískri faraldsfræði við Karólínsku stofnunina í Stokkhólmi 2003. Hún starfaði þar til ársins 2007 en hefur síðan verið forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, fyrst sem dósent en sem prófessor frá árinu 2012. Hún hefur hlotið fjölda stórra rannsóknarstyrkja, meðal annars 240 milljónir frá Evrópska rannsóknarráðinu til þess að rannsaka samspil erfða og heilsufarslegra afleiðinga alvarlegra sálrænna áfalla. Unnur Anna stýrir nú nýrri og stórrri rannsókn á áfallasögu kvenna.

Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær en þannig hækkar h-index höfunda í Web of Science. Einnig flytjst það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.



Unnur Anna Valdimarsdóttir hlaut verðlaun úr verðlaunasjóði í læknisfræði.



Styrkhaifar Vísindasjóðs Landspítala sem hlutu styrk til klínískra rannsókna á spítalanum.

Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna

Vísindasjóður Landspítala veitti 11 ungum vísindamönnum styrk til klínískra rannsókna á Landspítala árið 2017.

Albert Sigurðsson læknir

Rannsókn: Nýrnastarfsemi og langvinnur nýrnasjúkdómur meðal aldraðra.
Meðumsækjandi: Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga.

Daði Helgason læknir

Rannsókn: Bráður nýrnaskaði eftir skurðaðgerð við ósæðarflysjun af gerð A: Tíðni, áhættuþættir og lífun.
Meðumsækjandi: Tómas Guðbjartsson, prófessor og yfirlæknir.

Elín Helga Þórarinsdóttir læknir

Rannsókn: Dagsyfja – Tengsl við kæfisvefn, árangur meðferðar, heilsufar og lífstíl.
Meðumsækjandi: Þórarinn Gíslason yfirlæknir.

Eyrún Kristinsdóttir læknir

Rannsókn: Langtíma horfur sjúklinga eftir gjörgæslumeðferð.
Meðumsækjandi: Gísli H. Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor.

Hólmfríður Helgadóttir læknir

Rannsókn: Lyfjahlvörf prótónpumpu hemla í slembivöldu íslensku þýði.
Meðumsækjandi: Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir og prófessor.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir kandida

Rannsókn: Frumkomið aldósterónheilkenni á Íslandi í 10 ár.
Meðumsækjandi: Helga Ágústa Sigurjónsdóttir sérfræðilæknir, dr. med, klínískur prófessor.

Ingigerður Sverrisdóttir læknir

Rannsókn: Fylgissjúkdómar hjá einstaklingum með mergæxli.
Meðumsækjandi: Sigurður Yngvi Kristinnsson, sérfræðingur í blóðlækningum, prófessor.

Ólafur Pálsson læknir

Rannsókn: Árangur líftæknilyfjameðferðar við sóragigt.
Meðumsækjandi: Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, prófessor.

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir sálfræðingur

Rannsókn: Vitraent mat og endurhæfing ungs fólks eftir geðrof.
Meðumsækjandi: Engilbert Sigurðsson yfirlæknir, prófessor í geðlæknisfræði við HÍ.

Samúel Sigurðsson læknir

Rannsókn: Áhrif bólusetninga með 10-gildu pneumókokka bóluefni á nýgengi sýkinga, beratiðni og sýklalyfjaónæmi baktería á Íslandi.
Meðumsækjandi: Ásgeir Haraldsson prófessor, yfirlæknir.

Þórir Einarsson Long læknir

Rannsókn: Vægur bráður nýrnaskaði í kjölfar skurðaðgerðar: Nýgengi og afdrif sjúklinga.
Meðumsækjandi: Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðilæknir í lyf- og nýrnalækningum.

Vísindaráð Landspítala

Vísindaráð Landspítala er til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu. Það á við um vísindastefnu sjúkrahússins gagnvart háskólastofnunum og einkafyrirtækjum hér á landi og í öðrum löndum. Ráðið sér einnig um kynningu á vísindastarfinu, þar á meðal á Vísindum á vordögum, árlegum vísindadögum spítalans.

Rósa Björk Barkardóttir náttúrufræðingur, formaður

Anna Margrét Halldórsdóttir læknir

Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur og prófessor

Helga Gottfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og prófessor

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur og prófessor

Jón Jóhannes Jónsson læknir og prófessor

Jóna Freysdóttir náttúrufræðingur og prófessor

Ragnar Freyr Ingvarsson sérfræðingur í gigtlækningum

Þorvarður Jón Löve læknir og lektor

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri

Verkefnastjóri vísindaráðs: Jóhanna Gunnlaugsdóttir



Rósa Björk Barkardóttir, formaður vísindaráðs.

FLUTNINGAR

Árið 2016 flutti vísindadeild spítalans og Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ, frá Eirbergi á Rauðarárstíg 10. Les- og kennsluaðstaða þar er notuð í vaxandi mæli en aðgengi að húsnæðinu er erfiðara vegna fjarlægðar frá aðalbyggingum spítalans og Háskólans. Þetta undirstríkar mikilvægi þess að húsnæði fyrir báðar stofnanir verði reist sem allra fyrst.

Úthlutun vorstyrkja Vísindasjóðs 2017

Aðalgeir Arason náttúrufræðingur

Blóðbankinn, aðgerðarsvið

Heiti verkefnis: Leit að erfðabreytileikum með fjölgenaáhrif á myndun brjóstakra bbameins.

Samstarfsaðilar: Rósa Björk Barkardóttir, Cand. Science, sameindalíffræðingur, Rannsóknastofu LSH í meinafræði, Rannsóknarsvið. Bjarni A. Agnarsson, Cand. Med., sérfræðilæknir, Rannsóknastofu LSH í meinafræði, Rannsóknarsvið. Óskar Þ. Jóhannsson, PhD, sérfræðilæknir, LSH, Lyflækningar krabbameina, Lyflækningasvið.

Styrkur: kr. 1.060.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-001

Anna Margrét Halldórsdóttir sérfræðilæknir

Blóðbankinn, aðgerðarsvið

Nemi/meðumsækjandi: Margrét Gunnarsdóttir

Heiti verkefnis: Járnhagur blóðgjafa við Blóðbankinn.

Samstarfsaðilar: Þorbjörn Jónsson, MD, PhD, blóðgjafa- og ónæmisfræði, sérfræðilæknir, Blóðbankinn, aðgerðarsvið, Landspítali. Margrét Gunnarsdóttir, lífeindafræðinemi, heilbrigðisvísindadeild, Háskóli Íslands

Styrkur: kr. 610.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-002

Anna Margrét Halldórsdóttir sérfræðilæknir

Blóðbankinn, aðgerðarsvið

Heiti verkefnis: Svipgerð og virkni blóðflagna í arfgengi járnofhleðslu.

Samstarfsaðilar: Jón Þór Bergþórsson, PhD, Náttúrufræðingur, Rannsóknarkjarni, Blóðmeinafræði, Rannsóknarsvið, Landspítali. Lektor, Heilbrigðisvísindasvið, Læknadeild, Háskóli Íslands. Þórarinn Guðjónsson, PhD, Prófessor í vefjafræði, Heilbrigðisvísindasvið, Læknadeild, Háskóli Íslands

Styrkur: kr. 700.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-003

Anna Margrét Halldórsdóttir sérfræðilæknir

Blóðbankinn, aðgerðarsvið

Nemi/meðumsækjandi: Margrét Gunnarsdóttir

Heiti verkefnis: Frumfrí microRNA sem lífmerki fyrir járnhag hjá blóðgjöfum.

Samstarfsaðilar: Jón Þór Bergþórsson, PhD, Náttúrufræðingur, Rannsóknarkjarni, Blóðmeinafræði, Rannsóknarsvið, Landspítali. Lektor, Heilbrigðisvísindasvið, Læknadeild, Háskóli Íslands, Þórarinn Guðjónsson, PhD, Prófessor í vefjafræði, Heilbrigðisvísindasvið, Læknadeild, Háskóli Íslands

Styrkur: kr. 1.100.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-004

Ásgeir Haraldsson prófessor í barnalækningum og yfirlæknir á Barnaspítala Hringins

Nemi/meðumsækjandi: Kristín Leifsdóttir, læknir

Heiti verkefnis: Prótein í mænuvökva nybura með heilaskaða og tengsl þeirra við langtímahorfur.

Samstarfsaðilar: Eric Herlenius, MD, PhD, Professor in pediatrics, Karolinska Institute, Stockholm. Eric Thelin, MD, PhD, pediatrics, Karolinska Hospital and researcher at SciLife Lab Karolinska Institute.

Styrkur: kr. 1.010.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-005

Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, prófessor

Nemi/meðumsækjandi: Signý Rut Kristjánsdóttir, læknanemi

Heiti verkefnis: Fæðingarsaga kvenna á líftækniyfjum vegan gigtarsjúkdóma.

Samstarfsaðilar: Þóra Steingrimsdóttir, MD, PhD, fæðingalæknir, Prófessor, Kvinnadeild, Kvenna- og barnasvið Landspítala.

Styrkur: kr. 250.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-006

Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir og prófessor

Ónæmisfræðideild, rannsóknarsvið

Nemi/meðumsækjandi: Fannar Theódórs, háskólanemi

Heiti verkefnis: Greining á virkjun innanfrumuboðferla B og T fruma í IgA skorti.

Samstarfsaðilar: Hildur Sigurgrímsdóttir M.Sc. Ph.D. student, Lífeindafræðingur Ónæmisfræðideild Landspítali, Helga Kristín Einarisdóttir Ph.D, Náttúrufræðingur Ónæmisfræðideild Landspítali

Styrkur: kr. 930.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-007

Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir og prófessor

Ónæmisfræðideild, rannsóknarsvið

Nemi/meðumsækjandi: Andri Leó Lemarquis, deildarlæknir

Heiti verkefnis: Hlutverk TLR9 í meinmyndun IgA skorts.

Samstarfsaðilar: Ingileif Jónsdóttir deildarstjóri smit- og bólgusjúkdóma, Prófessor Líffræðingur, Yfirmaður, Dósent, Ónæmisfræðideild, Landspítali, deCode. Lennart Hammarström, Prófessor, Yfirlæknir, Lyflækningasvið, Gigtlækningar Rannsóknarstofa í gigtjúkdómum, Karolinska University, Stokkhólmur, Svíþjóð. René Toes Professor Head of the laboratory of Rheumatology, Prófessor, Rannsóknarstofa í gigtjúkdómum. Leiden University Medical Center, Leiden, Netherlands. Una Bjarnadóttir, Sérfræðingur, Náttúrufræðingur, Landspítali. Helga Kristín Einarisdóttir, Sérfræðingur, Náttúrufræðingur, Ónæmisfræðideild, Landspítali.

Styrkur: kr. 930.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-008

Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun

Heiti verkefnis: Lífsstíll, áhættuþættir og sjálfsumönnun einstaklinga með kransæðasjúkdóm (KRANS rannsóknin).

Samstarfsaðilar: Margrét Hrönn Svavarsdóttir, RN, PHD Lektor, Heilbrigðisvísindasvið, Hjúkrunarfræðideild, Háskólinn á Akureyri Dr. Catriona Jennings BA Hons RN FESC FPCNA PhD Programme Leader and Senior Teaching Fellow for the MSc, PG Diploma and PG Certificate in Preventive Cardiology and Cardiovascular Specialist Research Nurse Immediate Past Chair ESC Council on Cardiovascular Nursing and Allied Health Professions (CCNAP) Faculty of Medicine, NHLI Imperial College London, United Kingdom. Auður Ketilsdóttir, RN, MSc Sérfræðingur í hjúkrun hjartasjúklinga Landspítali – Lyflækningasvið Inga Valborg Ólafsdóttir, RN, MSc Sérfræðingur í hjúkrun Landspítali -Lyflækningasvið og hjartateymi Reykjalundar - endurhæfingarmiðstöðvar

Styrkur: kr. 1.170.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-009

Brynjólfur Árni Mogensen yfirlæknir, forstöðumaður Rannsóknastofu LSH og HÍ í bráðfræðum

Rannsóknastofa LSH og HÍ í bráðfræðum

Nemi/meðumsækjandi: Una Jóhannesdóttir kandidat

Heiti verkefnis: Stunguáverkar á Íslandi 2000-2015.

Samstarfsaðilar: Bergros Kristín Jóhannesdóttir, MD, M.Sc. nemi í líf- og læknávisindum og sérnámslæknir á Haukeland University Hospital í Bergen. Guðrún María Jónsdóttir, MD, M.Sc., deildarlæknir á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala, aðgerðarsvið. Hjalti Már Björnsson, MD, aðjunkt í bráðfræðum og sérfræðingur í bráðalækningum á bráðadeild Landspítala, flæðisvið. Tómas Guðbjartsson, MD, PhD, prófessor og sérfræðingur í hjarta- og lungnaskurðlækningum. Yfirlæknir á hjarta- og lungnaskurðdeild Landspítala, aðgerðarsvið. Una Jóhannesdóttir, MD, deildarlæknir á háls-, nef- og eyrnadeild Landspítala, aðgerðarsvið.

Styrkur: kr. 680.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-010

Brynjólfur Árni Mogensen yfirlæknir, forstöðumaður Rannsóknastofu LSH og HÍ í bráðfræðum

Rannsóknastofa LSH og HÍ í bráðfræðum

Nemi/meðumsækjandi: Auður Elva Vignisdóttir deildarlæknir á bráðamóttöku LSH

Heiti verkefnis: Flutningur sjúklinga með þyrlu Landhelgisgæslu Íslands – yfirlit yfir aðfrid og kostnað.

Samstarfsaðilar: Brynjólfur Mogensen prófessor, Bráðamóttaka, Flæðisvið LSH. Viðar Magnússon, yfirlæknir utanspítalabjónustu LSH, Svæfingar- og gjörgæsludeild, Aðgerðarsvið LSH. Auðunn F. Kristinsson verkefnastjóri aðgerðarsviðs LHG. Sigrún Helga Lund tölfraeðingur, Háskóli Íslands.

Styrkur: kr. 930.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-011

Brynjólfur Árni Mogensen yfirlæknir, forstöðumaður Rannsóknastofu LSH og HÍ í bráðafræðum

Rannsóknastofa LSH og HÍ í bráðafræðum

Nemi/meðumsækjandi: Guðrún Björg Steingrímsdóttir deildarlæknir.

Heiti verkefnis: Sár vetrarins. Faraldsfræði áverka á norrænum slóðum

Samstarfsaðilar: Professor Torben Wisborg, Háskólanum í Trömsö, Dr. Håkon Kvale Bakke, rannsóknarteymi í svæfingum og gjörgæslu, Rana, Noregi, Dr. Trond Dehli, Háskólaspítalanum Tramsö, Noregi, doktorsneminn Tine Steinvik, Háskólanum Tromsö og Dr. Lasse Raatiniemi, Central sjúkrahúsinu, Lapplandi í Finnlandi, Dr. Sigrún Helga Lund tölfraeðingur, Háskóla Íslands. Brynjólfur Mogensen ber ábyrgð á íslenska hluta rannsóknarinnar, próf. Wisborg ber ábyrgð á heildinni.

Styrkur: kr. 440.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-012

Davíð O. Arnar, yfirlæknir hjartalækninga

Nemi/meðumsækjandi: Bára Dis Benediktsdóttir, deildarlæknir

Heiti verkefnis: Skimun fyrir erfðabreytileikum sem tengjast skyndidauða: Er mögulegt að draga úr áhættu á ótimabærum dauðsföllum?

Samstarfsaðilar: Bára Dis Benediktsdóttir, læknir, Landspítala, Garðar Sveinbjörnsson, tölfraeðingur, Íslenski erfðagreiningu, Hilma Hólm, læknir, Íslenski erfðagreiningu, Daníel Guðbjartsson, tölfraeðingur, Íslenski erfðagreiningu, Kári Stefánsson læknir, Íslenski erfðagreiningu.

Styrkur: kr. 530.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-013

Einar Stefán Björnsson yfirlæknir og prófessor

Meltingardeild, lyflækningasvið

Nemi/meðumsækjandi: Guðrún Arna Jóhannsdóttir læknir

Heiti verkefnis: Nýgengi alvarlegra blæðinga og blóðsegamyndunar hjá sjúklingum á hinum nýju blóðþynningarfylfjum borið saman við warfarin á Íslandi 2012 - 2016.

Samstarfsaðilar Ásdís Sveinsdóttir 3. árs læknanemi við læknadeild HÍ Páll Torfi Ónundarson, prófessor og yfirlæknir á Landspítala.

Styrkur: kr. 920.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-014

Einar Stefán Björnsson yfirlæknir og prófessor

Meltingardeild, lyflækningasvið

Nemi/meðumsækjandi: María Björk Baldursdóttir, læknanemi

Heiti verkefnis: Áhættuþættir fyrir endurteknum brisbólgu og langvinna brisbólgu hjá sjúklingum sem greinst hafa með bráða brisbólgu.

Samstarfsaðilar: Þórarinn Tyrtingsson, yfirlæknir SÁÁ, Páll Helgi Möller, prófessor MD PhD, yfirlæknir á skurðeild LSH.

Styrkur: kr. 1.040.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-015

Einar Stefán Björnsson yfirlæknir og prófessor

Meltingardeild, lyflækningasvið

Nemi/meðumsækjandi: Helgi Kristinn Björnsson, læknir

Heiti verkefnis: Lífarskaði af völdum krabbameinslyfja.

Samstarfsaðilar: Ásgerður Sverrisdóttir, sérfræðingur í krabbameinslækningum. Krabbameinsdeild. Lyflækningasvið. Landspítali.

Styrkur: kr. 1.050.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-016

Einar Stefán Björnsson yfirlæknir og prófessor

Meltingardeild, lyflækningasvið

Nemi/meðumsækjandi: Þóra Soffía Guðmundsdóttir, læknir

Heiti verkefnis Tíðni og orsakir lífrarsjúkdóma á meðgöngu.

Samstarfsaðilar: Þóra Steingrímsdóttir, læknir, PhD, prófessor, LSH, fæðinga- og kvensjúkdómalækningar, kvenna og barnasvið.

Styrkur: kr. 1.050.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-017

Einar Stefán Björnsson yfirlæknir og prófessor

Meltingardeild, lyflækningasvið

Nemi/meðumsækjandi: Jóhann Páll Hreinsson, læknir

Heiti verkefnis Líkan sem spáir um hvaða sjúklinga með bráða blæðingu frá neðri hluta meltingarvegjar er óhætt að útskrifa af bráðamóttöku: Framsyn gildingarrannsókn.

Styrkur: kr. 1.170.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-018

Engilbert Sigurðsson yfirlæknir – prófessor í geðlæknisfræði við HÍ

Geðdeild 32A, Hringbraut

Nemi/meðumsækjandi: Oddur Ingimarsson, læknir

Heiti verkefnis: Aukaverkanir geðrofslyfja: Leiðir til að auka notkun clozapine í meðferðarþráum geðklofa.

Samstarfsaðilar: Kings College London/Institute of Psychiatry, James MacCabe, Reader in Psychiatry/Consultant, National Psychosis Unit, SLAM.

Styrkur: kr. 780.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-019

Engilbert Sigurðsson yfirlæknir – prófessor í geðlæknisfræði við HÍ

Geðdeild 32A, Hringbraut Geðsvið

Nemi/meðumsækjandi: Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir sálfræðingur

Heiti verkefnis: *Vitrænt mat og endurhæfing ungs fólks eftir geðrof.*

Samstarfsaðilar: Brynja B. Magnúsdóttir, PhD, lektor við Háskólann í Reykjavík, sálfræðingur á geðsviði LSH Berglind Guðmundsdóttir, PhD, dósent við Háskóla Íslands, yfirsálfræðingur á geðsviði LSH David Roberts, PhD, lektor við The University of Texas Health Science Center at San Antonio Elisabeth Twamley, PhD, prófessor við University of California Nanna Briem, yfirlæknir á endurhæfingardeild Laugarási við geðsvið LSH.

Styrkur: kr. 1.050.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-020

Engilbert Sigurðsson yfirlæknir, prófessor í geðlæknisfræði við HÍ

Geðdeild 32A, Hringbraut Geðsvið

Nemi/meðumsækjandi: Brynja Björk Magnúsdóttir, sálfræðingur

Heiti verkefnis: Matstæki fyrir félagskilning.

Styrkur: kr. 1.170.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-021

Engilbert Sigurðsson yfirlæknir, prófessor í geðlæknisfræði við HÍ

geðdeild 32A, Hringbraut geðsvið

Nemi/meðumsækjandi: Magnús Blöndahl Sighvatsson, sálfræðingur

Heiti verkefnis: Virkir þættir í ósértækri hugrænni atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi.

Samstarfsaðilar: Paul M. Salkovskis; PhD, Prófessor í klínískri sálfræði; Sálfræðideild Háskólans í Bath, Bretlandi. Paul er aðalleiðbeinandi doktorsnema. 2) Jón Friðrik Sigurðsson; PhD; Prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og prófessor við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík. Leiðbeinandi og verkefnisstjóri. 3) Heiðdís B. Valdimarsdóttir; PhD; Dósent við Mount Sinai læknaskólann, USA og prófessor við Háskólann í Reykjavík. Meðlimur í doktorsnefnd. 4) Fanney Þórsdóttir; PhD; Dósent; Sálfræðideild Háskóla Íslands. Meðlimur í doktorsnefnd og ráðgefandi tölfraeðingur verkefnisins.

Styrkur: kr. 1.040.000
Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-022

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Svæfinga- og gjörgæsludeild Hringbraut, aðgerðasvið

Heiti verkefnis: *Bráðar líffærabílanir*

Samstarfsaðilar: Sigurbergur Kárason yfirlæknir og dósent, svæfinga- og gjörgæsludeild, aðgerðasvið. Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir, lyflækningasvið. Páll Torfi Ónundarson, yfirlæknir, blóðmeinafræðideild, rannsóknarsvið. Martin Ingi Sigurðsson deildarlæknir, svæfinga- og gjörgæsludeild, Brigham Hospital, Boston. Kristinn Sigvaldason yfirlæknir, svæfinga- og gjörgæsludeild, aðgerðasvið. Snævar Sigurðsson, verkefnastjóri, líffræðingur, IE. Þórir Einarsson Long, doktorsnemi. Einar Hjörleifsson, læknanemi

Styrkur: kr. 1.170.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-023

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Svæfinga- og gjörgæsludeild Hringbraut, aðgerðasvið

Heiti verkefnis: *D-vítamínúskapur hjá bráðveikum sjúklingum.*

Samstarfsaðilar: Sigurbjörg S. Skarphéðinsdóttir, sérfræðilæknir, svæfinga- og gjörgæsludeild. Sigurbergur Kárason yfirlæknir, svæfinga- og gjörgæsludeild. Martin I. Sigurðsson deildarlæknir, Brigham & Women's Hospital, Boston, svæfinga- og gjörgæsludeild. Rúnar Bragi Kvaran deildarlæknir nemi, svæfinga- og gjörgæsludeild. Kirk Hogan prófessor, University of Wisconsin, Madison, svæfinga- og gjörgæsludeild. Neil Binkley prófessor, University of Wisconsin, Madison, rannsóknardeild. Josh Coon prófessor, Creighton University, Omaha, rannsóknardeild

Styrkur: kr. 1.170.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-024

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Svæfinga- og gjörgæsludeild Hringbraut, aðgerðasvið

Heiti verkefnis: *Aðgerðartengd aðríf sjúklinga eftir kvíðarholsskurðaðgerðir. Framsýn klínísk rannsókn.*

Samstarfsaðilar: Páll Möller yfirlæknir og dósent, skurðlækningadeild LSH. Erna Sigmundsdóttir læknir, svæfinga- og gjörgæsludeild. Elva Dögg Brynjarsdóttir læknir, FSA, skurðlækningadeild.

Styrkur: 740.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-025

Guðrún Dóra Bjarnadóttir, geðlæknir

Nemi/meðumsækjandi: Anna Kristín Gunnarsdóttir, læknanemi

Heiti verkefnis: Er lóperamið misnotað á Íslandi?

Samstarfsaðilar: Guðrún Dóra Bjarnadóttir, MD. Geðlæknir á bráðageðdeild 32C. Magnús Jóhannsson, MD. Prófessor emeritus við líffyljafræði HÍ.

Styrkur: 260.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-026

Guðrún Kristjánsdóttir forstöðumaður og prófessor

Kvenna- og barnasvið

Nemi/meðumsækjandi: Sigríður Árna Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur

Heiti verkefnis: Innlagdir barna á aldrinum 0-18 ára á gjörgæsludeildir LSH á árunum 2006-2015 og liðan foreldra sem átt hafa börn á gjörgæsludeildum LSH á árunum 2016-2017.

Samstarfsaðilar: Kristinn Sigvaldason, yfirlæknir á gjörgæsludeild Fv, E6, Aðgerðarsvið Sigurbergur Kárason, yfirlæknir á gjörgæsludeild Hb, 12B, Aðgerðarsvið

Styrkur: kr. 760.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-027

Gunnar Guðmundsson sérfræðilæknir og prófessor

Lungnadeild, lyflækningasvið

Heiti verkefnis: Samnorræn rannsókn á ósérhæfðri millivefslungnabólgu

Samstarfsaðilar: Helgi Ísaksson, læknir

Styrkur: kr. 210.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-028

Gunnar Guðmundsson sérfræðilæknir og prófessor

Lungnadeild, lyflækningasvið

Heiti verkefnis: Lungnabekja í millivefslungnasjúkdómum

Samstarfsaðilar: Helgi Ísaksson læknir, Rannsóknastofa í meinafræði

Styrkur: 920.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-029

Gunnar Guðmundsson sérfræðilæknir og prófessor

Lungnadeild, lyflækningasvið

Heiti verkefnis: Framþróun millivefslungnabreytinga í AGES-rannsókn Hjartaverndar

Samstarfsaðilar: Vilmundur Guðnason læknir, Hjartavernd og Háskóla Íslands.

Styrkur: 920.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-030

Gunnar Guðmundsson sérfræðilæknir og prófessor

Lungnadeild, lyflækningasvið

Heiti verkefnis: Berkjuskúl-samevrópsk rannsókn.

Samstarfsaðilar: Landspítali: Helgi Ísaksson læknir, Rannsóknastofa í meinafræði.

Styrkur: 740.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-031

Gunnsteinn Haraldsson náttúrufræðingur

Nemi/meðumsækjandi: Hildigunnur Sveinsdóttir, lífeindafræðinemi

Heiti verkefnis: Faraldsfræði ífarandi Haemophilus influenzae á Íslandi frá upphafi bólusetninga gegn Hib.

Samstarfsaðilar: Helga Erlendsdóttir, MSc, lífeindafræðingur og klínískur prófessor Sýklafræðideild, Rannsóknarsvið LSH.

Styrkur: 400.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-032

Halldór Jónsson jr. yfirlæknir og prófessor

Bæklunarskurðdeild, skurðlækningasvið

Heiti verkefnis: Klínískt matskerfi fyrir sjúklinga sem eru að fara að og eru búnir að gangast undir heildarmjaldmaliðarskipti.

Samstarfsaðilar Paolo Gargiulo PhD heilbrigðisverkfræðingur, Vísindadeild - Menntavegi 1 Kyle Edmunds Biomedical engineers PhD student Vísindadeild - Menntavegi 1, Ída Braga Ómarsdóttir sjúkráþjálfari BS-Endurhæfingahjúkrun Sjúkráþjálfun G: Gr-R1 Lyflækningasvið, Grétar Halldórsson sjúkráþjálfari BS-Endurhæfingahjúkrun Sjúkráþjálfun G: Gr-R1 Lyflækningasvið Endurhæfingadeild, Próstur Pétursson Biomedical engineers MS- Lif og læknisfr.leg verkfræði Hugbúnaðarlausnir: Fv-Bb Kvenna- og barnasvið, Jonathan Pitocchi Biomedical engineers MS- Lif og læknisfr.leg verkfræði Vísindadeild - Menntavegi 1, Kjartan Gíslason PhDt Heilbrigðisverkfræðingur Vísindadeild-Menntavegi 1.

Styrkur: 920.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-033

Helga Ágústa Sigurjónsdóttir sérfræðilæknir, klínískur dósent

Nemi/meðumsækjandi Hrafnhildur Gunnarsdóttir, aðstoðarlæknir

Heiti verkefnis: Frumkomið aldósterónheilkenni á Íslandi 2007- 2016, lýðgrunduð rannsókn með allt að 10 ára eftirfylgni.

Samstarfsaðilar: Guðbjörg Jónsdóttir, sérnámslæknir í lyflækningum við Háskólasjúkrahús Iowa (University of Iowa Hospitals and Clinics) og doktorsnemi við HÍ (blóðlæknisfræði). Jón Guðmundsson, röntgenlæknir og yfirlæknir, geislagreining, myndgreining brjóstholslíffæra. Deild E-3 í Fossvogi. Rannsóknarsvið Landspítala. Guðjón Birgisson, yfirlæknir almennt skurðlækninga (12G, 13G) og skurðstofa (12CD) á Hringbraut. Deild 13A á Hringbraut. Skurðlækningasvið Landspítala. Bertil Hamberger, professor emeritus, Innkirtlaskurðlækningar, Karolinska háskólasjúkrahúsinsu, Stokkhólmi. Bjarni Agnarsson, prófessor, Vefjameinafræðideild, Rannsóknarsvið, Hús 9 Hringbraut.

Styrkur: 420.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-034

Helga Ágústa Sigurjónsdóttir sérfræðilæknir, klínískur dósent

Heiti verkefnis: Afleiðing höfuðhöggs hjá íþróttakönnum, möguleg vanstarfsemi á heiladingli, taugasálfræðileg skerðing og lífsgæði.

Samstarfsaðilar: María K. Jónsdóttir, Ph.D., sérfræðingur í klínískri taugasálfræði á minnismóttökunni á LSH, L-1 Landakoti og dósent í sálfræði Háskólanum í Reykjavík, Hafrún Kristjánsdóttir, Ph.D., sviðsstjóri íþróttafraeðisviðs, Háskólanum í Reykjavík

Styrkur: 920.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-035

Helga Bjarnadóttir náttúrufræðingur

Ónæmisfræðideild, rannsóknarsvið

Nemi/meðumsækjandi Jóhanna Guðmundsdóttir náttúrufræðingur

Heiti verkefnis: Tengsl lektínferils-korts við sjúkdóma.

Samstarfsaðilar: Björn Rúnar Lúðvíksson prófessor og yfirlæknir, ónæmisfræðideild. Vílmundur Guðnason prófessor og forstöðumaður Hjartaverndar. Steffen Thiel. Ph.D. Professor. Dept.of Biomedicine. Aarhus

Styrkur: 1.130.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-036

Helga Erlendsdóttir lífeindafræðingur og klínískur prófessor

Sýklafræðideild, rannsóknarsvið

Nemi/meðumsækjandi Hafdís Ósk Árnadóttir, lífeindafræðinemi

Heiti verkefnis: Stenotrophomonas maltophilia í sýkingum greindum á Sýklafræðideild Landspítala.

Samstarfsaðilar: Sigurður Guðmundsson, PhD, prófessor og sérfræðilæknir, Smitsjúkdómalækningar, Lyflækningasvið, Kristján Orri Helgason, sérfræðilæknir, Sýklafræðideild, Rannsóknarsvið.

Styrkur: kr. 1.170.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-037

Helga Gottfreðsdóttir forstöðumaður fræðasviðs, Kvænna- og barnasvið

Nemi/meðumsækjandi: Valgerður Lisa Sigurðardóttir doktorsnemi

Heiti verkefnis: Þróun á meðferð fyrir konur með erfiða fæðingarreynsly.

Samstarfsaðilar: Herdís Sveinsdóttir prófessor við hjúkrunarfræðideild Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur og dósent Jenny Gamble prófessor við Griffith University í Ástralíu. Hildur Kristjánsdóttir lektor og verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis.

Styrkur: 1.170.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-038

Helga Jónsdóttir forstöðumaður

Nemi/meðumsækjandi: Guðrún Jónsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri

Heiti verkefnis: Ákvörðunartaka um lífslokameðferð á bráðalegudeildum Landspítalans.

Samstarfsaðilar: Main advisor on this project will be professor dr. Helga Jónsdóttir, at the Faculty of Nursing, University of Iceland. Furthermore, collaboration to advice on this project has been made between the Faculty of Nursing with assistant professor dr. Erna Haraldsdóttir, director of Education & Research/Senior Lecturer, St Columba's Hospice / Queen Margaret University, Scotland, UK, who has researched, taught and published extensively within the field of palliative care and end-of-life care. Marilyn Kendall, Senior Research Fellow, University of Edinburgh, Finnþógi Jakobsson, taugasérfræðingur, Landspítali og Valgerður Sigurðardóttir, yfirlæknir líknardeildar Landspítalans

Styrkur: 830.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-039

Helga Kristín Einarsdóttir sérfræðingur, ónæmisfræði

Heiti verkefnis: Hlutverk TLR viðtaka í afbrigðilegri B-eitilfrumusvörun í íslenskum fjölskyldum með ættlæga einstofna mótetnahækkun.

Samstarfsaðilar Helga M. Ögmundsdóttir, MD-PhD, prófessor við læknadeild HÍ Vilhelmina Haraldsdóttir, MD, sérfræðingur í lyflækningum og blóðsjúkdómum, lyflækningasviði LSH Hlíf Steingrimsdóttir MD, framkvæmdastjóri, lyflækningasviði LSH Jón Þór Bergþórsson, PhD, náttúrufræðingur, Rannsóknastofu í blóðmeinafræði

LSH Linda Pilarski, MD-PhD, prófessor við Cross Cancer Institute, háskólanum í Edmonton, Alberta, Kanada

Styrkur: 860.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-040

Helgi Jónsson, sérfræðingur, prófessor við HÍ

Nemi/meðumsækjandi: Aron Bertel Auðunsson, kandiðat

Heiti verkefnis: Faraldsfræði Forestier sjúkdóms (diffuse intervertebral sclerosing hyperostosis, DISH) á Íslandi, áhættuþættir og tengsl við aðra sjúkdóma. Gögn úr öldrunarrannsókn Hjartaverndar (The AGES-Reykjavik Study).

Samstarfsaðilar Handleiðarar eru Guðmundur Jón Eliasson, sérfræðingur í myndgreiningu og Helgi Jónsson, sérfræðingur og prófessor í gigtarlækningum. Stjórnendur öldrunarrannsóknar Hjartaverndar.

Styrkur: 940.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-041

Herdís Sveinsdóttir forstöðumaður fræðasviðs skurðhjúkrunar og prófessor, Eirberg, skurðlækningasvið.

Heiti verkefnis: *Líðan skurðsjúklinga á Landspítala og Sjúkrahúsínu á Akureyri á sjúkraedeild og heima, sex vikum og 12 mánuðum eftir útskrift.*

Samstarfsaðilar: Katrín Blöndal klínískur sérfræðingur í hjúkrun, skurðlækningasvið. Sigríður Zoëga klínískur sérfræðingur í hjúkrun, skurðlækningasvið Brynja Ingadóttir doktorsnemi, klínískur sérfræðingur í hjúkrun, skurðlækningasvið. Hafdís Skúladóttir hjúkrunarfræðingur, lektor, Háskólanum á Akureyri. Anna Lilja Filípsdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur, Sjúkrahúsínu á Akureyri

Styrkur: 740.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-042

Hildur Harðardóttir, yfirlæknir

Nemi/meðumsækjandi: Gunnhildur Vala Hannesdóttir, deildarlæknir

Heiti verkefnis: Keisaraskurðir á LSH; tíðni sýkinga í kjölfar aðgerða og helstu áhættuþættir.

Samstarfsaðilar Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir sýkingavarna LSH. Sýklafræðideild, vísinda- og þróunarsvið. Ásdís Elfarsdóttir, deildarstjóri á gæða- og sýkingarvareideild. Sýklafræðideild, vísinda- og þróunarsvið.

Styrkur: 750.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-043

Ingibjörg Guðmundsdóttir, yfirlæknir

Nemi/meðumsækjandi: Daði Helgason, deildarlæknir

Heiti verkefnis Bráður nyrnaskaði eftir kransæðaþræðingar.

Samstarfsaðilar: Martin Ingi Sigurðsson, M.D., Ph.D., sérfræðilæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningasviði, Duke University Hospital, NC, Bandaríkin Ólafur Skúli Indriðason, M.D., M.H.S., sérfræðilæknir á nyrnalækningaeiningu, Landspítali. Runólfur Pálsson, M.D, yfirlæknir á nyrnalækningaeiningu, Landspítali. Tómas Guðbjartsson, M.D., Ph.D, prófessor / yfirlæknir í skurðlækningum, Landspítali / Háskóli Íslands Gísli Heimir Sigurðsson, M.D., Ph.D., prófessor / yfirlæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningum, Landspítali / Háskóli Íslands

Styrkur: 840.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-044

Ingibjörg Hilmarsdóttir sérfræðilæknir og lektor

Sýklafræðideild, rannsóknarsvið

Nemi/meðumsækjandi: Álfheiður Þórsdóttir, nemi

Heiti verkefnis: Kóagúlasa neikvæðir stafylókokkar á Landspítala: afturvirk rannsókn á faraldsfræði, sýklalyfjanæmi og sýkingum.

Samstarfsaðilar: Lena Rós Ásmundsdóttir læknir, Brynhildur Ósk Pétursdóttir lífeindafræðingur, Helga Erlendsdóttir lífeindafræðingur, Erla Soffía Björnsdóttir, lífeindafræðingur.

Styrkur: 470.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-045

Ingibjörg Hilmarsdóttir sérfræðilæknir og lektor

Sýklafræðideild, rannsóknarsvið

Nemi/meðumsækjandi: Álfrheiður Þórsdóttir, nemi

Heiti verkefnis: Staphylococcus capitis á Landspítala: ífarandi sýkingar, útbreiðsla og eiginleikar.

Samstarfsaðilar: Kristján Orri Helgason, sérfræðilæknir, Erla Soffía Björnsdóttir, lífeindafræðingur, Helga Erlendsdóttir lífeindafræðingur, Brynhildur Ósk Pétursdóttir lífeindafræðingur

Styrkur: 420.000

Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2017-046

Jón Þór Bergþórsson náttúrufræðingur

Blóðmeinafræði, rannsóknarsvið

Nemi/meðumsækjandi: Halla Rós Eyjólfssdóttir, nemi

